

## Heilbrigðisnefnd

Ár 2013, þriðjudaginn 12. mars nk. kl. 13:00 var haldinn 62. fundur heilbrigðisnefndar Reykjavíkur í fundarsal Hofi, 7. hæð, að Borgartúni 12-14. Fundinn sátu Kristín Soffía Jónsdóttir, Diljá Ámundadóttir, Kristín Þorleifsdóttir, Einar Örn Benediktsson, Marta Guðjónsdóttir og Ragnheiður Héðinsdóttir. Enn fremur sátu fundinn Óskar Í. Sigurðsson, Rósa Magnúsdóttir og Kristín Lóa Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

### Petta gerðist:

1. Kosning fulltrúa í heilbrigðisnefnd.  
Lagt fram bréf Borgarstjórans í Reykjavík dags. 15. janúar 2013
2. Ársskýrsla meindýravarna Reykjavíkurborgar.  
Kynning. Lögð fram ársskýrsla 2012 ásamt samantekt um fjölda meindýra sl. þrjú ár. Guðmundur Björnsson kom á fundinn og kynnti.
3. Upplýsingaréttur um umhverfismál- Tillögur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um viðmið til að afmarka hvað teljist skaðleg eða hættuleg frávik skv. ákvæðum 10. gr. laga nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál.  
Lögð fram bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 6. desember 2012 og tillögur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í bréfi dags. 26. febrúar 2013.  
Svava S. Sigurðardóttir, heilbrigðisfulltrúi, kom á fundinn og kynnti.
4. Reglugerð um eftirlit Umhverfisstofnunar með náttúru Íslands.  
Lagt fram bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 22. febrúar 2013 og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. mars 2013.  
Svava S. Sigurðardóttir, heilbrigðisfulltrúi, kom á fundinn og kynnti.
5. Hæsnahald – drög að heilbrigðissamþykkt.  
Lagðar fram umsagnir, greinargerð og tillaga að heilbrigðissamþykkt um hæsnahald.  
Rósa Magnúsdóttir kynnti. Svava S. Sigurðardóttir kom á fundinn.  
Haraldur Briem, sóttvarnarlæknir, kom á fundinn og sat fyrir svörum. Embætti sóttvarnarlæknis mun senda umsögn um drög að heilbrigðissamþykkt um hæsnahald til HER.
6. Heimagisting að Garðastræti 8.  
Lögð fram bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 15. janúar og 6. febrúar 2013 auk tillögu um að starfsleyfisumsókn fyrirtækisins verði hafnað.  
Halldóra Kristinsdóttir, heilbrigðisfulltrúi, kom á fundinn og kynnti.  
Tillagan var samþykkt með þremur atkvæðum fulltrúa Samfylkingar Kristínar Soffíu Jónsdóttur, fulltrúum Besta flokksins, Einari Erni Benediktssyni og Diljá Ámundadóttur. Kristín Þorleifsdóttir fulltrúi Vinstri grænna, Marta Guðjónsdóttir fulltrúi Sjálfstæðisflokks og Ragnheiður Héðinsdóttir, fulltrúi atvinnulífsins sátu hjá.
7. Opin leiksvæði – niðurstöður eftirlits 2012.  
Kynning. Magnea Karlsdóttir, heilbrigðisfulltrúi og Agnar Guðlaugsson, deildarstjóri hjá byggingardeild USK, komu á fundinn og kynntu.  
Fulltrúi Sjálfstæðisflokks Marta Guðjónsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:  
Fulltrúi Sjálfstæðisflokks óskar eftir að fá niðurstöður eftirlits 2012 á leik- og grunnskólalóðum. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvaða endurbætur hafa verið gerðar í kjölfar athugsemda.
8. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík.  
Lagt fram bréf Umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 25. febrúar 2013.
9. Innkallanir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á matvælum  
Kynning. Óskar Í. Sigurðsson, deildarstjóri, kynnti.  
Jón Ragnar Gunnarsson heilbrigðisfulltrúi kom á fundinn. Umræðu frestað til næsta fundar.

10. Umsagnarbeiðni um undanþágu frá reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.  
Lagt fram bréf umhverfis- og auðlindaráðuneytis dags. 5. mars 2013. Samþykkt að HER svari erindinu.
11. Samþykkt tóbaks- og starfsleyfi.  
Lagður fram listi dags. 12. mars 2013.
12. Samþykkt hundaleyfi.  
Lagður fram listi dags. 12. mars 2013.

Fundargerðin var lesin upp og undirrituð á fundinum.

**Fundi slitið kl. 15.20**

Kristín Soffía Jónsdóttir

Diljá Ámundadóttir  
Kristín Þorleifsdóttir  
Marta Guðjónsdóttir

Einar Örn Benediktsson  
Ragnheiður Hédinsdóttir